

28. samráðsfundur aðgerðastjórnar Sveitarfélagsins Voga, 2. nóvember 2020

Pátttakendur

Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri, Daníel Arason forstöðumaður stjórnarsýslu, Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður eigna. Gestir fundarins eru María Hermannsdóttir skólastjóri Heilsuleikskólans Suðurvalla og Hálfan Þorsteinsson skólastjóri Stóru-Vogaskóla

Staðan almennt

Staðfest smit í Sveitarfélaginu Vogum mánudaginn 2. nóvember eru fimm og fimm í einangrun en 10 í sóttkví. Staðfest smit á Suðurnesjum eru 47. Í einangrun eru 47 og 119 í sóttkví.

Ný reglugerð sóttvarna tók gildi á föstudag og ný reglugerð um starfsemi skóla tekur gildi 3. nóvember

Sviðin hvert fyrir sig:

Grunnskólinn:

Starfsdagur var í dag (2. nóvember) og dagurinn var notaður til að vinna að útfærslu skólstarfs miðað við reglugerð.

Hægt er að halda starfi 1. – 4. bekkjar óbreyttu en nokkrar breytingar verða á starfi eldri bekkja sem meðal annars lýsir sér í að nokkrir tímar verða rafrænir og haldnir á Teams. Nánari útskýringar má finna á COVID-síðu sveitarfélagsins og heimasíðu skólans

Frístund

Óbreytt ástand. Frístund starfar með eðlilegum hætti, en starfsdagur er í dag og verið er að vinna að úrlausn á fyrirkomulagi Frístundar

Leikskólinn

Stjórnendur hafa farið yfir starfsemi skólans miðað við nýjar reglur. Nú er komin grímuskylda á foreldra sem þurfa að koma inn í skólann og ekki er heimilt að börn komi með leikföng að heiman auk þess sem verklagsreglur í matsal hafa verið yfirfarðar og skerpt á sóttvarnaaðgerðum

Álfagerði

Óbreytt ástand. Matsalur Álfagerðis er lokaður öðrum en starfsfólki og íbúum. Áfram eru tilmæli um heimsóknatakmarkanir og hafa íbúar verið sérstaklega hvattir til að gæta enn meira að hreinlæti og sóttvarna en áður og takmarka heimsóknir sínar út úr húsi og sýna aðgætni í hvívetna

Íþróttamiðstöðin

Íþróttamiðstöðin er lokað fyrir allri starfsemi

Félagsmiðstöðin

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um starfsemi skóla er félagsmiðstöðinni lokað um óákveðinn tíma

Skrifstofan

Óbreytt ástand. Skrifstofan er lokað almenningi, engar heimsóknir leyfðar nema eftir pöntun og engir fundir haldnir í húsnæðinu. Fólk hvatt til að hafa samband símleiðis eða rafrænt. Starfsfólki skrifstofu verður skipt í tvö teymi sem munu vinna á skrifstofunni og heima til skiptis annan hvern dag.



Umhverfideild

Óbreytt ástand. Lokað er fyrir utanaðkomandi heimsóknir í umhverfisdeildina

Önnur mál